



## Fundargerð 13. fundar stjórnar SSA haldinn 9. júní 2020

Fundurinn var haldinn hjá Austurbrú á Egilsstöðum og hófst hann kl 12:00

Mættir stjórnarmenn SSA voru: Einar Már Sigurðarson, Gunnar Jónsson, Gauti Jóhannesson, Hildur Þórisdóttir, Pálína Margeirsdóttir, Sigríður Bragadóttir og Stefán Bogi Sveinsson.

Mættir starfsmenn Austurbrúar voru: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Formaður stjórnar bauð fundargesti velkomna og setti fundinn.

### 1. Fundargerðir, erindi og ályktanir

#### 1.1 Fundargerð frá 12. fundi stjórnar SSA 2019-2020

*Fundargerðin var samþykkt og undirrituð af stjórn*

#### 1.2 Fundargerð 19. fundar framkvæmdaráðs

*Fundargerðin var lögð fram til kynningar*

#### 1.3 Fundargerðir stjórnar SSH (497), SSV (153), SSNV(54,56,bókun), Vestfjarðastofa (26), SSNE (10), SASS (557,558)

*Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar*

#### 1.4 Fundargerðir sambandsins (884)

*Fundargerðin var lögð fram til kynningar*

#### 1.5 Aðalfundarboð Húss Handanna

*Framkvæmdastjóri lagði fram til kynningar boð á aðalfund Húss handanna þann 11.júní.*

#### 1.6 Sveitastjórnarvettvangur EES EFTA – Formenn SSS, SSNV, SSNE og SSA taka við sem aðalmenn 2020 til 2022

*Lagt fram til kynningar*

### 2. Innra starf SSA

#### 2.1 Aðalfundur SSA 2020

- Ársreikningur 2019

*Magnús Jónsson, endurskoðandi hjá KPMG kom inná fundinn og fór yfir ársreikning ársins 2019. Ársreikningurinn var samþykktur og undirritaður af stjórn.*

- Fjárhagsáætlun 2021

*Framkvæmdastjóri kynnti drög að fjárhagsáætlun 2021. Stjórn vísar málinu áfram til fjárhagsnefndar til frekari vinnslu.*

- Skipun í undirbúningsnefndir fyrir aðalfund.

*Stjórn skipar í undirbúningsnefndir fyrir aðalfund SSA í samræmi við umræðu.*

*Framkvæmdastjóra er falið að kalla undirbúningsnefndir til starfa.*



## 2.2 Sóknaráætlun

Framkvæmdastjóri fór yfir verkefni sem eru í vinnslu og lagði til að staðan yrði tekin aftur í haust. Samþykkt af stjórn.

## 2.3 Svæðisskipulag

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála og næstu skref sem unnið er að með aðstoð Alta. Lióst er að þegar nýtt sveitarfélag tekur til starfa í haust þá þarf að endurnýja í svæðisskipulagsnefnd í samræmi við nýja sveitarfélagaskipan.

Framkvæmdastjóri lagði fram til kynningar uppbyggingu á skipulagstillögu og samþykkir stjórn hana til innsendingar til Skipulagsstofnunar.

## 2.4 Fjallskilasamþykkt

Framkvæmdastjóri sagði stöðuna á Fjallskilasamþykkt óbreytta.

## 2.5 Svæðisráð strandsvæðisskipulags

Stjórn tilnefnir Eydísi Ásbjörnsdóttur sem fulltrúa sveitarfélaganna í svæðisráð strandsvæðisskipulags.

## 2.6 Minningarsjóður – úthlutun 2020.

Framkvæmdastjóri sagði frá því að tvær umsóknir hefðu borist. Stjórn samþykkir að úthluta styrk til beggja umsækjenda.

## 3. Önnur mál

Engin önnur mál

## 4. Fundur með Vegagerðinni og samgöngunefnd SSA

Inná fundinn komu nefndarmenn Samgöngunefndar. Eftirfarandi aðilar frá Vegagerðinni tóku þátt í gegnum fjarfundarbúnað: Bergþóra Þorkeldsdóttir – forstjóri, Magnús Valur Jóhannsson – framkvæmdastjóri og Sveinn Sveinsson – svæðisstjóri Austursvæðis.

Rædd var staða framkvæmda sem í gangi verða í sumar á Austurlandi sem og undirbúningur fyrir framkvæmdir sem eru framundan í landshlutanum.

Formaður þakkaði fulltrúum Vegagerðarinnar fyrir fundinn.

Fundi slitið kl 15:00

\_\_\_\_\_  
Einar Már Sigurðarson

\_\_\_\_\_  
Gunnar Jónsson

\_\_\_\_\_  
Hildur Þórisdóttir

\_\_\_\_\_  
Pálína Margeirsdóttir

\_\_\_\_\_  
Gauti Jóhannesson

\_\_\_\_\_  
Sigríður Bragadóttir

\_\_\_\_\_  
Stefán Bogi Sveinsson